## 1956 nr. 92 27. desember

## Lög um að banna hnefaleika

■ **1. gr.** Bönnuð er öll keppni eða sýning á hnefaleik. Enn fremur er bannað að kenna hnefaleik.

■ **2. gr.** Bönnuð er sala og notkun hnefaleiksglófa og annarra tækja, sem ætluð eru til þjálfunar hnefaleikara. Í reglugerð skal ákveða, hvernig fara skuli með slík tæki, sem nú eru til í landinu.

■ **3. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal varða sektum . . . [1] ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

[1] *L. 116/1990, 27. gr.*

ELDRI ÚTGÁFA